

Orðaforði ömmu

Amma notar oft gamaldags orðfæri. Hvað þýða orðin í eftirfarandi dæmum úr sögunni? Ef þú ert í vafa má finna svör á snara.is eða málið.is

„Ég þekki hund þegar ég sé hann,“ urraði amma Eyja. „Við ræðum HANN síðar. Ég meina krakkann. Þennan sem óð hér uppi með **æðibunugangi** án þess að kynna sig.“ Sú gamla gaut á mig auga. „Þú ert stærri en ég hélt. Ef þú ert minni krakkinn.“

- Látum Bleytu Dónaskap

„Það er nú **töggur** í ykkur, ég viðurkenni það,“ sagði hún allt í einu.

- Aumingjaskapur Rugl Dugnaður

Mér fannst amma leggja **aðeins** of mikla áherslu á það að útskýra fyrir öskuillum Brunaverðinum að ég væri **þöngulhaus** og ekki kunnug staðháttum.

- Snillingur Bjáni Garðyrkjuáhugamanneskja

Amma kallaði okkur öll upp til sín í hádegismat. Í matinn var vatn, þykkar sneiðar af heimabökuðu brauði með osti og harðfiskbiti á mann. „**Mér rennur blóðið til skyldunnar,**“ rumdi hún.

- Mér finnst mér bera skylda til Ég meiddi mig Ég er með háan blóðþrýsting

Amma hallaði sér aftur í stólnum. „Hann Sigmundur Tannlæknir fann dýrið úti,“ sagði hún. „Ólarlaust kvikindið. Eigandinn hvergi nærri. Svo **auðvitað tók hann dýrið til handargagns.** Traustur maður, hann Sigmundur. Alltaf réttur maður á réttum stað.“

- Auðvitað hirti hann dýrið Auðvitað rændi hann dýrinu Auðvitað setti hann dýrið í vinnu

„Já, hann Valur. Hann minnir mig satt að segja oft á hann pabba þinn,“ rumdi amma. „**Finnur öllu hér allt til foráttu.**“ Hún gretti sig um leið og hún byrjaði hægt að skera matinn sinn. Ég skildi hana vel – lambahjörtu í brúnni sósu voru ekki mjög geðslegur matur.

- Finnur upp á svo mörgu Er áttavilltur hér Gagnrýnir allt hér sniðugu

